

87 eftir reglum 10. ágúst 1933 um störf kjötmatsmanna og breytingu á þeim reglum frá 15. júlí 1935.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar og eftirbreytni, og eru jafnframt úr gildi felldar eldri auglýsingar um þetta efni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júlí 1935.

Hermann Jónasson

Vigfús Einarsson.

88
27. júlí

REGLUGERÐ

um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Samkvæmt lögum nr. 99, 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Stofnfé Skuldaskilasjóðs, 1½ milljón króna, tekur sjóðstjórnin að láni með ábyrgð rikissjóðs.

2. gr.

Heimilt er stjórn Skuldaskilasjóðs, með samþykki ráðherra, að gefa út handhafaskuldabréf fyrir sjóðinn, fyrir allt að kr. 1750000,00, og lækkar þá lántökuheimild sjóðsins um 150 kr. fyrir hverjar 175 kr., sem út eru gefnar af handhafaskuldabréfum.

3. gr.

Skuldabréf Skuldaskilasjóðs skulu gefin út í einum flokki. Nafnverð bréfa skal vera 30 kr., 100 kr., 500 kr. og 1000 kr. Skulu þau auðkennd þannig, að 30 kr. bréfin beri bókstafsmerkið A, 100 kr. bréfin bókstafsmerkið B o. s. frv. Í hverjum verðflokki skulu bréfin merkt áframhaldandi tölum. Bréfunum fylgja vaxtamiðar eftir því sem stjórn sjóðsins nánar ákveður.

4. gr.

Skuldabréf Skuldaskilasjóðs bera 4½% ársvexti, og greiðast vextirnir á skrifstofu Fiskveiðasjóðs Íslands, gegn afhendingu vaxtamiða, einu sinni á ári, á gjalddaga 31. desember.

Skuldabréfin skulu innleyst á 15 árum samkvæmt ákvæðum 3. gr. laganna. Sjóðstjórnin auglýsir í Lögbirtingablaðinu, með sex mánaða fyrirvara, hvaða bréf hafa verið dregin út til innlausnar það ár. Útdregin skuldabréf verða innleyst 31. desember ár hvert. Skulu óinnleystir vaxtamiðar fylgja hinum útdregnu bréfum.

Af útdregnum skuldabréfum greiðast ekki vextir eftir gjalddaga.

5. gr.

88

27. júlí

Hlutverk matsmanna sjóðsins, sem skipaðir verða samkvæmt 13. gr. lagaanna, er að meta til sannvirðis allar fasteignir og vélbáta lánbeiðenda og einnig lausafjáreign þeirra, og skulu þeir sérstaklega láta þess getið:

1. Hvernig ástand eignarinnar er og hvort verulegar endurbætur eru nauðsynlegar á henni, vegna þess að viðhald hennar hafi verið vanrækt undanfarin ár, eða af öðrum ástæðum.
2. Hvaða leigu eða afgjald megi ætla, að unnt sé að fá nú árlega eftir eignina.
3. Hvaða verð sé líklegt að fáist nú fyrir eignina, með frjálsri sölu eða nauðungarsölu.
4. Að hve miklu leyti eignin fullnægi nú þeim kröfum um nothæfi, sem gerðar eru, eða hvort til þess verði að gera á henni breytingar, er hafi verulegan kostnað í för með sér.
5. Sérhvers annars, sem líklegt er að hafi áhrif á verðmæti eignarinnar.

Með hliðsjón af álitsgerðum matsmanna ákveður stjórn sjóðsins verðmæti eigna lánbeiðenda.

6. gr.

Um atkvæðisrétt kröfuhafa á fundum skuldheimtumanna fer sem hér segir:

1. Kröfuhafi, sem á ótryggða, viðurkennda kröfu á lánbeiðanda, nýtur atkvæðisréttar fyrir allri upphæð kröfunnar.
2. Kröfuhafi, sem á veðtryggða kröfu á lánbeiðanda, nýtur atkvæðisréttar fyrir þeim hluta kröfuupphæðarinnar, sem að mati sjóðstjórnarinnar eigi myndi greiðast af verði veðsins.
3. Kröfuhafi, sem á forgangskröfu samkvæmt 83. gr. skiptalaganna á lánbeiðanda, nýtur því að eins atkvæðisréttar fyrir henni, að krafan, að mati sjóðstjórnarinnar, eigi myndi fást greidd af eignum lánbeiðanda, og þó að eins fyrir þeim hluta kröfuupphæðarinnar, sem sjóðstjórnin metur að ógreiddur myndi verða.
4. Kröfuhafi, sem á kröfu á lánbeiðanda, sem tryggð er með ábyrgð þriðja manns, nýtur sjálfur atkvæðisréttar fyrir henni. Ábyrgðarmaður nýtur hins vegar því að eins atkvæðisréttar, að hann hafi leyst kröfuna til sín eða sett tryggingu fyrir henni. Nýtur hann þá atkvæðisréttar fyrir þann hluta kröfuupphæðarinnar, sem hann hefir leyst til sín eða sett tryggingu fyrir.
5. Kröfuhafi, sem á ábyrgðarkröfu á lánbeiðanda, nýtur atkvæðisréttar fyrir þeirri upphæð af ábyrgðarkröfunni, sem sjóðstjórnin metur að myndi falla á lánbeiðanda, enda séu þau gögn fyrir hendi, er geri sjóðstjórninni það unnt að meta áhættu ábyrgðarmannsins.
6. Kröfuhafi, er notar kröfu sína á lánbeiðanda til skuldajafnaðar, nýtur að eins atkvæðisréttar fyrir þann hluta kröfuupphæðarinnar, er eigi féll niður við skuldajöfnuðinn.

88 Rísi ágreiningur um atkvæðisrétt kröfuhafa eða upphæð kröfu hans, sker
27. júlí sjóðstjórnin úr þeim ágreiningi.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. júlí 1935.

Eysteinn Jónsson.

Vigfús Einarsson.

89
16. ágúst

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Skagafjarðarsýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Sýslunefnd hefir yfirumsjón allra fjallskilamála, er snerta upprekstrarlönd sýslubúa. Hreppsnefndir hafa á hendi alla stjórn og framkvæmd á fjallskilamálum, hver í sínum hreppi, eða í samlögum, þar sem fleiri hreppar eru í sama upprekstrarfélagi.

2. gr.

Hreppsnefndir geta gert nákvæmari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum. Þó má eigi þar með raska reglugerð þessari, og skulu hreppsnefndir gæta þess, að farið sé í öllu eftir ákvæðum hennar.

II. KAFLI

Um afrétti og notkun þeirra.

3. gr.

Allt land skiptist í afrétti og heimalönd. Það skulu vera afréttir, sem að fornu verið hafa. Svo getur og sýslunefnd ákveðið nýja afrétti, eftir tillögum hreppsnefnda og með samþykki landeigenda. Ennfremur geta hreppsnefndir með samþykki sýslunefndar breytt takmörkum afrétta, og lagt til þeirra heimalönd einstakra jarða eða landsparta, er þær hafa umráð yfir.

4. gr.

Sýslunefnd semur skrá yfir alla afrétti, er sýslubúar nota. Skal þar lýst ummerkjum þeirra, og tekið fram, hvaða jarðir eiga upprekstur á hvern af-